

Primex ehf.  
Óskarsgötu 7  
580 Siglufjörður

Reykjavík, 21. mars 2024  
UST202402-328/B.B.B.  
07.00

### Niðurstaða eftirlits - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 28.2.2024 þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með snyrtivörum, í samræmi við hlutverk Umhverfisstofnunar skv. efnalögum nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram í verslun Hagkaupa í Kringlunni og voru tvær snyrtivörur sem fyrirtækið Primex ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á valdar af handahófi.

Engin frávík komu fram varðandi þær vörur fyrirtækisins sem féllu undir umfang eftirlitsins og telst máli þessu því lokið af hálfu stofnunarinnar.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með snyrtivörum sem eru framleiddar eða skráðar á ábyrðaraðila hér á landi og því aðeins gerðar athugasemdir við þær vörur sem lentu í úrtaki. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Primex ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Upplýsingar um snyrtivörur, REACH og þrávirk lífræn efni má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <https://ust.is/atvinnulif/efni/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Bergdísar Bjarkar Bæringsdóttur, varðandi eftirlitsverkefnið í síma 591-2000 eða gegnum netfangið [bergdis.bjork.baeringsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:bergdis.bjork.baeringsdottir@umhverfisstofnun.is) til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllt,

**Bergdís Björk Bæringsdóttir,**  
sérfræðingur

**Fífa Konráðsdóttir,**  
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla